

EFTIRLITSSKÝRSLA

HVERIR

Dagsetning: 24.07.2019

Upphaf kl: 10:00

Lok kl: 11:00

Úrvinnsla tímar:

Fulltrúi Umhverfisstofnunar: Arna Hjörleifsdóttir

Tegund eftirlits: Eftirlit á svæði utan friðlýstra svæða.

Fyrirtæki / Aðili / Gerandi: Gert að beiðni Landeigenda Reykjahlíðar ehf.

Starfsemi: Beiðni um lokun náttúrusvæða á grundvelli 25. gr. laga um náttúruvernd

Málsnúmer: 201907-212

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS:

Svæðið er undir álagi vegna ágangs ferðamanna en ekki eru varanlegar óafturkræfar skemmdir á jarðminjum. Gestir svæðisins virðast virða þær girðingar sem eru á svæðinu en brýnt er að ráðast í betri stýringu á umferð. Gamlir innviðir á borð við brú og útsýnispalla eru úr sér gengnir.

Niðurstöður ástandsmats gefa til kynna að það séu innviðir og skipulag sem draga svæðið niður í einkunn, verðmæti svæðisins er enn til staðar.

UMFANG EFTIRLITS:

Komið var að Hverum um kl. 10. Það var þurrt í veðri en það hefur rignt undanfarna daga. Það var komið aftur að Hverum um kl 12:15 og þá var rigning. Það voru færri gestir á svæðinu en oft á þessum tíma árs, eða um 20 bílar, 2 rútur og 4 kálfar. Gengið var um svæðið frá norðri til suðurs, ekki var gengið upp á Námafjallið sjálf. Svæðið var metið sjónrænt og eins var gert ástandsmat.

Sjónrænt mat sérfræðings

Þurrt var í veðri og lítill vindur. Sífelld umferð var um svæðið á meðan á eftirliti stóð. Frá bílastæðinu liggur hellulagður göngustígur út á stóran útsýnispall. Sá útsýnispallur er í góðu lagi og þjónar sínu hlutverki vel. Frá útsýnispallinum er gengið báðu megin niður á hverasvæðið sjálf. Mikið vatn var á svæðinu svo hverirnir sem oft eru bara með þykkri drullu voru barmafullir af þynnri drullu. Það er í raun ekki afmarkaður göngustígur um svæðið heldur eru hverasvæðin sjálf afmörkuð með bandagirðingu og þess vegna verður stórt svæði milli hverasvæðanna úttraðkað. Bandagirðingarnar eru gamlar og lúnar, sumstaðar eru staurarnir hálfvallnir ofan í jörðina, en gegna sínu hlutverki. Á einum stað er bandagirðingin mjög nálægt velli hver. Það sáust ekki för innan kaðlagirðinganna en rigning er fljót að eyða þessháttar förum séu þau ekki þeim dýpri. Það er brú við norðurenda svæðisins sem er orðin vafasöm, það vantar í hana borð auk þess sem undirstöðurnar eru farnar að standa ofan á jarðveginum. Eins eru nokkrir útsýnispallar úr timbri inn á hverasvæðin en þeir eru í flestum tilfellum þaktir þykku lagi af hveradrullu sem gerir þá ótrygga að ganga um. Það eru ágætlega vel afmarkaðar gönguleiðir upp á Námafjallið við báða enda hverasvæðisins, þrátt fyrir það hafa nokkrir villustígar myndast í fjallinu. Þeir eru að öllum líkindum ekki varanlegir þar sem sambærilegir stígar hafa fram til þessa horfið í vatnsveðrum. Eftir bleytu síðustu daga var blautt drullusvað á tveimur stöðum en það voru staðir sem auðvelt hefði verið að beina umferð fólks frá.

Þegar komið var á svæðið í rigningu um kl. 12 var svæðið öllu blautara en þar sem aðalleiðirnar eru orðnar svo þéttar náði bleytan ekki að breyta svæðinu öllu í drullusvað á skömmum tíma.

Nánast ekkert rusl var á svæðinu, fyrir utan sigarettustubba sem voru í hrúgum í kringum yfirfullt stubbahús. Greina mátti hvítar pappírspurrkur í gróðurlendinu við akveginn að svæðinu.

Merkingum er stórlega ábótavant á svæðinu. Eitt varanlegt skilti er við bílastæðið en upplýsingarnar á því eru afar takmarkaðar og á köflum úreltar. Engir leiðarvísar eru svæðinu eða varúðarmerki.

Tillögur til úrbóta

Viðvera og vinna starfsmanns myndi geta bætt ástand svæðisins. Með því að endurnýja kaðlagirðingar og þrengja gönguleiðir myndi vera hægt að stýra ferð fólks um svæðið betur. Með því væri einnig hægt að girða af svæði sem eru sérlega blaut, án þess að loka fyrir aðgengi gesta að svæðinu. Með því að endurnýja trépalla og brýr og mögulega setja fleiri þar sem þörf er á, myndi ásýnd svæðisins batna og öryggi gesta yrði betur tryggt. Bættar merkingar, á borð við betri upplýsingar um gönguleiðir og varúðarskilti þar sem það á við, myndu auka öryggi gesta og auka líkurnar á því að gestir haldi sig við merktar gönguleiðir.

Myndir teknar við eftirlitið eru í eftirlitsmöppu í sharepoint, uppl. veitir undirritaður.

Mývatnssveit, 24.júlí 2019


Arna Hjörleifsdóttir

Arna Hjörleifsdóttir, yfirlandvörður

Fylgiskjal - Hverir







EFTIRLITSSKÝRSLA

LEIRHJÚKUR VIÐ KRÖFLU

Dagsetning: 26.07.2019

Upphaf kl: 11:00

Lok kl: 12:00

Úrvinnsla tímar: 0

Fulltrúi Umhverfisstofnunar: Hilda Kristjánsdóttir

Tegund eftirlits: Úttekt á svæðum utan friðlýstra svæða.

Fyrirtæki / Aðili / Gerandi: Skv. beiðni Landeigenda Reykjahlíðar efh.

Starfsemi: Lokun náttúrusvæða á grundvelli 25. gr. laga um náttúruvernd 60/2013.

Málsnúmer :

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS:

Svæðið er undir töluverðu álagi vegna fjölda ferðamanna sem þangað sækir. Um það bil 10 bílar voru á bílastæðinu og um 20 manns á svæðinu að skoða sig um.

Veðrið var blautt, rigningarúði, þoka og dálítill vindur. Eina merkingin á svæðinu er við bílastæðið en þar eru þrjú upplýsingaspjöld.

Innviðir eru viðarplankar á parti gönguleiðar, þeir eru að hluta til í lagi en að stórum hluta skemmdir, skakkir og brotnir. Í blautu veðri eru þeir mjög hálir og hættulegir vegna bleytu en einnig vegna aurs sem berst á þá. Aðrir innviðir eru nánast engir, örfáar stikur á svæðinu. Þær eru ýmist brotnar, illa málaðir og ógreinilegar. Vantar á stóran part svæðisins. Vegna þessa hafa myndast villustígar víða og liggur hraun undir skemmdum þar af lútandi. Auðvelt er að villast um svæðið vegna stikuleysis. Gönguleiðir eru því ekki vel stikaðar né afmarkaðar. Merki eru um að fólk, eins og fyrr segir, sé að ganga utan stíga.

Gríðarlegt magn er af rusli á svæðinu, bæði á bílastæði og allt í kringum leirhnjúkssvæðið í heild sinni. Skemmdir eru á hrauni vegna villustíga. Stöðumat landvarðar er eftirfarandi: Svæðið þarf að taka í gegn, laga göngupallana, stika gönguleiðina með nýjum stikum og loka villustígum. Tína þarf upp rusl og setja betrir merkingar.

UMFANG EFTIRLITS:

Gengið var frá bílastæði og hringinn í kringum Leirhnjúk.

Svæðið var metið sjónrænt, auk þess sem gert var ástandsmat.

SJÓNÆNT MAT

Á meðan á eftirliti stóð var þokuloft og nokkur úrkoma, hiti um 10° og örlítill vindur. Einhver úrkoma hafði verið um nóttina/morguninn.

Tillögur til úrbóta

Svæðið hefur látið verulega á sjá undanfarin ár. Ekki þyrfti mikla og erfiða vinnu við að bæta ástandið til muna. Laga þarf pallastíga enda mikil slysgildra sem stafar af þeim núna. Stika þarf gönguleiðana alveg upp á nýtt með nýjum stikum og loka í leiðinni villustígum með merkingum og eða bandagirðingum.

Myndir teknar við eftirlitið hafa verið sendar í öðru skjali, uppl. veitir undirrituð.

Mývatnssveit, 26. júlí 2019

Hilda Kristjánsdóttir

Fylgiskjal - Leirhnjúkur









EFTIRLITSSKÝRSLA

VÍTI VIÐ KRÖFLU

Dagsetning: 24.07.2019

Upphaf kl: 11:00

Lok kl: 12:00

Úrvinnsla tímar: 0

Fulltrúi Umhverfisstofnunar: Arna Hjörleifsdóttir

Tegund eftirlits: Úttekt á svæðum utan friðlýstra svæða.

Fyrirtæki / Aðili / Gerandi: Skv. beiðni Landeigenda Reykjahlíðar efh.

Starfsemi: Lokun náttúrusvæða á grundvelli 25. gr. laga um náttúruvernd 60/2013.

Málsnúmer : UST201907-212

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS:

Svæðið er undir töluverðu álagi vegna fjölda ferðamanna sem þangað sækir. Göngustígar eru illa afmarkaðir og orðnir töluvert breiðir á köflum. Svæðið verður mjög drullugt og erfitt yfirferðar í bleytu. Mikilvægt er að koma á betri stýringu til að tryggja vernd svæðisins og öryggi gesta. Það eru ekki merki um miklar varanlegar óafturkræfar skemmdir á jarðmyndunum, en jarðmyndanir eru undir álagi vegna ágangs. Bílastæðið annar ekki þeim fjölda sem heimsækir svæðið og það veldur álagi í kringum stæðið.

UMFANG EFTIRLITS:

Gengið var frá bílastæði upp að Vítisbarminum. Þaðan var gengið norður upp á hæsta punkt við norðurbarm gígsins. Þaðan er útsýni yfir gíginn og yfir hverasvæðið norðan við Víti. Svæðið var metið sjónrænt, auk þess sem gert var ástandsmat.

SJÓNÆNT MAT

Á meðan á eftirliti stóð var þokuloft en ekki úrkoma, hiti um 10° og örlítill gola. Einhver úrkoma hafði verið dagana á undan. Það voru ekki margir á svæðinu, einungis um 13 bílar á bílastæðinu, engar rútur eða hópferðabílar.

Bílastæðið sjálft rúmar einungis um 20 bíla og því er svæðið í kring orðið mjög troðið. Það er þónokkuð afmörkuð dæld vestan við bílastæðið sem augljóslega þjónar sem aukabílastæði, þar er gróðurþekjan að mestu rofin. Frá bílastæðinu liggur hellulögð gönguleið upp á gígbarminn og þar er hellulagður útsýnispallur. Pallurinn er ekkert afmarkaður og það er mikill troðningur og traðk utan við útsýnispallinn til beggja hliða. Eins er mikið traðk meðfram göngustígnum upp frá bílastæðinu.

Það liggur slóð umhverfis gíginn og auk þess er slóð umhverfis hverasvæðið norðan við Víti. Slóðin umhverfis gíginn er lítið afmörkuð og er því orðin töluvert breið á köflum. Að norðan er slóðin nokkuð þétt en við gíginn sunnanverðan var slóðin drullug eftir bleytuna. Slóðin norður að hverasvæðinu er illa afmörkuð og þar mætti stýra umferð gangandi betur því þar varð vart við

villustíga. Sömu sögu er að segja um hverasvæðið austan við gíginn. Þar liggur slóð þvert í gegnum hverasvæðið og þar er öryggi gesta ábótavant þar sem kaðlagirðingar liggja niðri og stýra ekki umferðinn. Engin upplýsinga- né varúðarskilti eru á svæðinu svo merkingum er mjög ábótavant. Nánast ekkert rusl var sjáanlegt á svæðinu. Þar sem kaðlagirðingar eru uppistanandi lítur út fyrir að fólk virði þær að mestu.

Tillögur til úrbóta

Viðvera og vinna starfsmanns myndi geta bætt ástand svæðisins. Með því að endurnýja kaðlagirðingar og þrengja gönguleiðir myndi vera hægt að stýra ferð fólks um svæðið betur. Með því væri einnig hægt að girða af svæði sem eru sérlega blaut eða liggja undir skemmdum, án þess að loka algjörlega fyrir aðgengi gesta að Víti. Ef gönguleiðin frá bílastæðinu og útsýnispallurinn á Vítisbarminu yrðu afmörkuð betur myndu gestir geta skoðað gíginn án þess að þurfa að fara út fyrir hellulagðan stíg. Slík afmörkum myndi auk þess minnka álag á svæðið umhverfis stíginn og pallinn sem er mjög traðkað. Með því að merkja og afmarka gönguleið að hverasvæðinu norðan við Víti myndi vera hægt að stjórna umferð fólks þangað og koma í veg fyrir frekari villustíga og rask. Sama á við um hverasvæðið suðaustur af Víti, þar er hægt að koma upp nýjum kaðlagirðingum til að stjórna umferð í gegnum svæðið og tryggja þannig bæði öryggi gesta og verndun svæðisins. Við Víti væri einnig mögulegt að koma upp tréþöllum á svæðum sem verða erfið yfirferðar í bleytu. Bættar merkingar, á borð við upplýsingar um gönguleiðir og varúðarskilti þar sem það á við, myndu auka öryggi gesta og auka líkurnar á því að gestir haldi sig við merktar gönguleiðir.

Myndir teknar við eftirlitið eru í eftirlitsmöppu í sharepoint, uppl. veitir undirritaður.

Mývatnssveit, 24. júlí 2019

Arna Hjörleifsdóttir

Arna Hjörleifsdóttir, yfirlandvörður

Fylgiskjal - Víti





